



Byggingarleyfisumsókn – Leiðbeiningar.

1. Aðaluppdrættir skilu vera af stærðinni A2 eða A1 í þrítí og skulu þeir vera áritaðir af hönnuði sem hefur starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun.
2. Á aðaluppdráttum skulu koma fram útlitsmyndir mannvirkisins frá öllum hliðum, grunnmynd eða grunnmyndir sé mannvirkid á fleiri en einni hæð. Þessir uppdrættir skulu að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Afrit af uppdráttum á pdf- formi skal jafnframt senda á netfangið byggingafulltrui@blonduos.is.
3. Afstöðumynd er að jafnaði í mælikvarða 1:500 eða 1:1000. Á afstöðumynd skal koma fram staðsetning mannvirkja á lóðinni og málsetning sem sýnir fjarlægð frá lóðamörkum. Einnig skulu koma fram útlínur á nærliggjandi lóðum, mannvirkjum og aðkomu. Gera skal grein fyrir bílastæðum og staðsetningu rotþróar þegar það á við.
4. Skráningartafla: Með byggingarleyfisumsókn skal fylgja skráningartafla á pappír (má vera A4). Skráningartöflu skal einnig senda rafrænt á excel- formi á netfangið byggingafulltrui@blonduos.is. Þegar sótt er um byggingarleyfi vegna breytinga skal fylgja skráningartafla þegar breyting felur í sér breytta stærð eða breytt eignamörk.
5. Byggingarlýsing: Á aðaluppdrætti skal vera byggingarlýsing í samræmi við grein 4.3.9 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
6. Byggingarstjóri: Með umsókn um byggingarleyfi skal fylgjan ábyrgðaryfirlýsing byggingarstjóra og staðfesting tryggingarfélags á ábyrgðartryggingu hans.
7. Byggingarleyfisgjöld: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal greiða byggingaleyfisgjöld eða semja um greiðslu þeirra.
8. Séruppdrættir: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal skila burðarpols- og lagnateikningum og öðrum séruppdráttum í tvítíti árituðum af hönnuðum sem hafa starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun. Afrit af séruppdráttum á pdf- formi skal jafnframt senda á netfangið byggingafulltrui@blonduos.is.
9. Ef byggingaráform eru ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag er umsókn lögð fyrir skipulagsnefnd til afgreiðslu. Skipulagsnefndarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 17:00 í fundarsal að Hnjúkabyggð 33. Skal erindum fyrir fund skipulagsnefndar skila inn í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn þar á undan.